

Tillaga til ályktunar.

Opinberar sektir eru eitt af tækjum samfélagsins til að stýra hegðun borgaranna. Umferðarsektir eru áhrifarík leið til að auka öryggi vegfarenda og stuðla að ásættanlegri umferðarmenningu. Umferðarsektir taka ekki tillit til efnahags hins brotlega en slíkt fyrirkomulag þekkist m.a í Noregi. Þar eru sektir við alvarlegustu umferðarbrotunum tendar við mánaðarlaun hins brotlega.

Þetta er réttlátari leið en að láta alla borga sömu upphæð í sekt. Með þessari aðferð næst fram að sektir við alvarlegustu umferðar brotunum “bíti jafn fast” – ef svo má að orði komast – þá ríku og þá sem minna hafa.

Flokksstjórn Samfylkingarinnar ályktar að sektir við alvarlegustu umferðarlagabrotunum verði teknar til endurskoðunar og taki mið af tækjum þeirra sem brjóta löginn frekar en fastri upphæð sem nær yfir alla án tillits til efnahags.

Flutningsmaður: Teitur Atlason